

Ed.

88. Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um lánveiting til raflýsingar á Ísafirði (þgskj. 73).

Framangreind tillaga hefir verið ihuguð af fjárveitinganefndinni, og þykir henni hlýða að koma fram með breytingu á sjálfri tillögunni og leggur til, að í stað þess að skora á landsstjórnina að lána fje í þessu skyni verði henni að eins veitt heimild til þess, eins og venja hefir verið. Einnig telur nefndin betur fara, að tilnefnd sje að eins viðbótarupphæð við lán það, sem stjórninni hefir verið heimilað í gildandi fjárlögum að veita Ísafjarðarkaupstað að láni til þessara framkvæmda, og telur nefndin eftir atvikum hæfilegt, að sú viðbótarlánsupphæð sje 45 þús. krónur.

Samkvæmt þessu leyfir nefndin sjer að koma með svo hljóðandi breytingartillögu við þingsályktunartillöguna:

»Alþingi ályktar, að heimila landsstjórninni að lána Ísafjarðarkaupstað 45,000 krónur til raflýsingar, auk þeirra 45,000 króna, sem heimilt er að lána eftir núgildandi fjárlögum, og með sömu kjörum«.

Í fjárveitinganefnd efri deildar Alþingis, 6. jan. 1917.

Jóh. Jóhannesson.

Eggert Pálsson,
skrifari og framsögum.

M. J. Kristjánsson.

Hjörtur Snorrason.

Karl Einarsson.